



Ályktun um lífeyrismál

Verkafólk vinnur krefjandi störf hvort sem litið er til líkamlegs eða andlegs álags. Viðurkenningu vantar í samtryggingarkerfi almannatrygginga á þessu. Skilgreina þarf erfiðisvinnustéttir og viðurkenna að óraunhæft er að ætlast til þess að þær vinni jafn langa starfsævi og aðrar stéttir.

Verkafólk er að öllu jöfnu í meiri hættu á að lenda í örorku en aðrar stéttir. Misjöfn örorkubyrði einstaka lífeyrissjóða dregur úr getu þeirra til að standa undir greiðslum ellilífeyris.

Til að bregðast við þessu jafnar ríkið örorkubyrði lífeyrissjóða að hluta með jöfnunargreiðslum. Núverandi fyrirkomulag jöfnunargreiðsla er ekki í hlutfalli við misþunga örorkubyrði sjóðanna. Áhersla SGS er að ríkið jafni að fullu örorkubyrði lífeyrissjóða.

Tryggja skal afkomu erfiðisvinnufólks og viðunandi framfærslu á efri árum í gegnum almannatryggingar með því að hækka framlag ríkisins til verkafólks sem vegna vinnuálags þarf að fara af vinnumarkaði. Hætta ber skerðingum á almannatryggingum hjá þeim sem eru á lægstu lífeyrisgreiðslunum.

Hækkaður lífeyrisaldur hefur mismunandi áhrif á ólíkar starfsstéttir. Einstaklingar sem unnið hafa erfiðisvinnu stærstan hluta starfsævinnar eiga erfiðara með að lengja starfsævi sína. Rannsóknir sýna að ævilengd fólks er misjöfn eftir störfum og menntunarstigi.

Áherslur:

- Lífeyristökualdur erfiðisvinnustétta frá TR miðist áfram við 67 ára aldur.
- Ríkið dragi úr skerðingum á lífeyrisgreiðslum úr almannatryggingakerfinu, fyrsta skref sé lækkun úr 45% í 30%.
- Frítækjumark almannatrygginga vegna lífeyristekna verði með sama hætti og vegna atvinnutekna.
- Ríkið jafni að fullu örorkubyrði sjóðanna.
- Lífeyrissjóðir beiti sér gegn óraunhæfum starfskjörum og hvers konar ofurlaunum.
- Lífeyrissjóðir séu virkir eigendur í fyrirtækjum.
- Lífeyrissjóðir leggi meiri þunga í að koma réttindum fólks er flyst erlendis til skila.